



Fundargerð

16. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:30 fimmtudaginn 15. október 2020, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ólafur Páll Vignisson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forfallaðir:

Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

[Önnur mál – innri mál](#)

Fjármál

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu og útlit í rekstri það sem af er ári ásamt áhrifa á lausafjárstöðu, en nýta hefur þurft yfirdráttarheimild undanfarið og verður líklega eitthvað áfram.

Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri var í leyfi í september og verður í 50% starfshlutfalli í október. Færri starfsgildi eru nú hjá MSS þar sem ekki var ráðinn inn nýr verkefnastjóri eftir að Helga lét af störfum í ágúst og fór í fæðingarorlof. Aukið álag var því á starfsfólk í fjarveru framkvæmdastjóra en gekk þó vel.

Minnisblað til ráðherra ferðamála

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskaði eftir minnisblaði um okkar sýn á fyrirkomulag Áfangastaðastofu á Suðurlandi. Framkvæmdastjóri kynnir minnisblaðið með samantekt og tillögum að

Áfangastaðastofu á Suðurlandi, sem sent var til ráðherra ferðamála. Allir landshlutar sendu inn sínar tillögur að útfærslu í sínum landshluta. Rætt var um mikilvægi þess að þetta verkefni fengi að þróast áfram og að ekki þyrfti að binda alla þræði á fyrstu stigum.

Framundan er vinna við starfsáætlun, fjárhagsáætlun, markaðsáætlun, ný stjórn er að taka við og fleira. Þá er framundan endurnýjun samninga við ríki og sveitarfélög.

Verkefni sl. misseri og framundan

Markaðsmál

Aðlögun hefur farið fram í markaðsmálunum síðustu misserin, bæði þegar kemur að innanlandsmarkaði og mörkuðum erlendis. Markaðsherferð innanlands hefur verið á bið í ljósi ástandsins í Covid-19. Vinna var hafin með faghópnum um haustfrí fjölskyldunnar sem var ekki farið í kynningu á auk ýmissa funda og samantekta, m.a. með Vert. Áfram var unnið að nýjum vef og opnar hann væntanlega síðar á þessu ári. Haldið var áfram með „Saga og mynd“ verkefnið á samfélagsmiðlum ásamt því að leggja áherslu á náttúrustaði. Upplifðu verkefnið var í áframhaldandi þróun og vinnu og verið að endurbæta „desktop“ útgáfu. MSS tók þátt á rafrænni Vestnorden í liðinni viku og átti tæplega 20 fundi. Fyrirkomulagið gekk vel og var verið að viðhalda tengslum og undirbúa batnandi ástand í heiminum. Áhugi var á Suðurlandi og þá ekki síst á nýjungum.

Framundan er undirbúningur á markaðsáætlun fyrir 2020/2021 fyrir markaði innanlands og erlendis. Vinna að „Saga og mynd“ á erlendu miðlana. Framundan eru nokkrar rafrænar vinnustofur og viðburðir. Einnig verður haldið áfram að vinna betur ýmis verkefni sem var unnið hratt að í vor/sumar, t.d. að upplifðu, vefsíðu, samfélagsmiðla, við efnissköpun og fleira.

Áfangastaðaáætlun – DMP

Unnið hefur verið í verkefnum samkvæmt áætlun sl. misseri. Opnun Vitaleiðarinnar verður líklega ekki fyrr en næsta vor en áfram er verið að vinna nánari ferðalýsingar, að þýðingu texta og merkingum. Unnið var að skýrslum og fleiru til Ferðamálastofu samkvæmt samningum. Súpufundir voru haldnir í september með innleggi um vöruþróun og svo samtali inn í veturinn. Fengu fundargestir einnig að heyra góðar sögur frá ferðapjónustuaðilum um þeirra viðbragð í Covid. Jákvæð viðbrögð voru við fyrirkomulagi og samtali og leggur stjórn til að slíkum fundum verði að hluta haldið áfram rafrænt. Uppfærsla er í gangi á áfangastaðaáætluninni og hefur verkefnastjóri unnið vel með fulltrúum í svæðisráði. Í ljósi aðstæðna þarf að uppfæra og aðlaga aðferðafræði jafnóðum. Faghópsfundur í september var einnig tileinkaður Áfangastaðaáætlun ásamt áherslum í samstarfi, markaðsstarfi á þessum skrítnu tímum og fleiru.

Framundan er að skoða hvernig hægt sé að útfæra opinn fund sem á að halda til grundvallar uppfærslu áfangastaðaáætlunar. Laufey fundar með tengiliðum hvers svæðis til að fara yfir áætlunina og leggja drög að umræðum. Þá er framundan fundur með Ferðamálastofu vegna samninga.

Matarauður

Unnið var að lokaskýrslu og verið er að skoða hvernig framhald geti orðið á verkefninu.

Framundan er að skoða ný tækifæri og styrkjámöguleika.

MAS samstarf

Nokkrir fundir voru á tímabilinu þar sem mörg brýn málefni voru rædd, m.a. eftirfylgni með erindum um fjármagn í heimasíður, frekari greiningar á innanlandsmarkaði, samninga næsta árs um

áfangastaðastofur (DMO) og fleira. Upplifðu hefur verið stór þáttur í samstarfinu undanfarin misseri. Mannamót mun ekki verða í óbreyttri mynd, möguleikar verða skoðaðir þegar fram í sækir.

Framundan er m.a. endurnýjun samninga við Ríkið og væntanlega stofnun áfangastaðastofa. Þá verður unnið að því að klára Upplifðu og nýja vefi sameiginlega.

Íslandsstofa

Fundað var um samstarfsyfirlýsingu MAS og Íslandsstofu þar sem hún var skoðuð lið fyrir lið.

Aðrir fundir / erindi

Ráðherra og fulltrúar frá Ráðuneyti ferðamála, Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála heimsóttu Suðurland í september. MSS skipulagði ferð eftir þeirra óskum og Laufey fylgdi hópnum. Ferðin gekk vel og hópurinn átti gott samtali við aðila á svæðinu.

MAS fundaði með ráðgjafa hjá Reykjavíkurborg vegna hugmynda um stofnun áfangastaðastofu þar.

Framundan er fundur með Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Ferðamálastofu vegna samstarfsins og samninga.

Samstarfssamningur við SASS

Unnið hefur verið að verkefnum (Ratsjain, ferðaleiðir, mynda- og textabanki og fleira) og fundir verið samkvæmt dagskrá á tímabilinu. Umsóknarferli Uppbyggingarsjóðs var á tímabilinu og sóttu nokkrir ráðgjöf til MSS.

Framundan er ársþing SASS í lok október, endurskoðun Byggðaaáætlunar, haustfundur atvinnuþróunarfélaga og áframhaldandi vinna í verkefnum, m.a. tillögur að áhersluverkefnum næsta árs.

Aðildarfélög

Aðildargjöld voru send út í júlí og með eindaga 1. okt. Nú hafa um 73% fyrirtækja hafa greitt aðildargjöld ársins. Gerð var könnun meðal ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi varðandi stöðu vegna Covid-19. Niðurstöður munu birtast fljótlega.

Annað:

Framkvæmdastjóri þakkar fráfarandi stjórnarmönnum fyrir samstarfið og góð störf í þágu Markaðsstofunnar. Stjórnarmenn þakka sömuleiðis fyrir samstarfið.

Fundi slitið 11:40